

12. febrúar 2007

**Varðar frumvarp til laga um Vatnajökulspjóðgarðs, 395,mál, heildarlög.**

Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum fagnar því að hafa fengið frumvarpið til umsagnar.

Það sem okkur er sérstaklega viðkomandi í frumvarpi þessu eru að sjálfsögðu hreindýraveiðar og stjórnun þeirra innan Vatnajökulspjóðgarðs.

F.l.h finnst vanta skýrari texta um um hreindýraveiðar, í lögum þjóðgarðsins og að stjórnun þeirra verði eins og verið hefur í höndum Umhverfisstofnunar.

Bæta mætti t.d við 11. gr. laganna.

11.gr.

*Hlutverk Umhverfisstofnunar*

**Umhverfisstofnun fer með stjórnun hreindýraveiða í Vatnajökulspjóðgarði.**

Umhverfisstofnun veitir aðstoð og faglega .....

Einnig teljum við að það vanti skýra skilgreiningu slóða innan þjóðgarðsins, hvað veiðar varðar. Þ.e.a.s hvaða slóðar verða löglegir til aksturs vélknúinna ökutækja til að bjarga felldri bráð og koma henni í kælingu svo fljótt sem auðið er.

Með von um jákvæð viðbrögð.

F.h stjórnar

Sævar Guðjónsson Formaður.